
Samherji h/f
Fiskimjölsverksmiðja
Grindavík

Grænt bókhald

Ársskýrsla
2003



Yfirlýsing stjórnar.

Stjórn Samherja h/f lýsir því hér með yfir að þær upplýsingar og tölur sem birtar eru í þessari skýrslu séu réttar og unnar eftir bestu vitund starfsmanna upp úr bókhaldsgögnum félagsins.

Á árinu 2003 urðu engin meiriháttar óhöpp í rekstri félagsins, eða aðrar stórvægilegar breytingar á rekstrinum.

Akureyri 2004


Finnbogi Jónsson
Stjórnarformaður

Þorsteinn Már Baldvinsson
Forstjóri Samherja hf.

Grænt bókhald fyrir árið 2003, almennar upplýsingar.

1. Starfsemi og staðsetning.

Fiskimjölsverksmiðja Samherja h/f, (kt: 610297-3079) er staðsett á Ægisgötu 2 í Grindavík á Reykjanesskaga. (N 63° 50' V 22° 25'). Í verksmiðjunni fer fram vinnsla á fiskimjöli og lýsi úr uppsjávarfiski, síld, loðnu og kolmunna auk þess er þar frystihús sem sérhæft er til vinnslu á loðnuafurðum. Verksmiðjan tilheyrir fyrirtækjaflokki (6.9, samkv. Reglugerð um Grænt bókhald, nr 851/2002. Samherji h/f eignaðist verksmiðjuna árið 1996 og hefur hún verið í samfeldum rekstri síðan. Rekstrarstjóri er Óskar Ævarsson.



Mynd 1. Reykjanesskagi, Grindavík.

2. Fjöldi starfsmanna og framleiðslumagn

Brúttó framleiðsla árið 2003 var 17.960 tonn af fiskimjöli og 6.620 tonn af lýsi. Fjöldi fastra starfsmanna er 15, en það samsvarar fjölda ársverka.

3. Starfsleyfi

Starfsleyfi stöðvarinnar er gefið út af Hollustuvernd ríkisins þann 4. september, 2000. og gildir það til 4. september 2004. Von er á nýju starfsleyfi á haustmánuðum 2004 þar sem samþykkt hefur verið umsókn um stækkun á verksmiðjunni þar sem framleiðslugetan er aukin úr 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring í 1.500 tonn af hráefni á sólarhring. Endurskoðun starfsleyfis fer fram samkvæmt IX. Kafila reglugerðar 785/1999. Ekki hafa verið gerðar þær breytingar á rekstrinum síðan starfsleyfið var gefið út að talin sé þörf á endurskoðun þess. Hið nýja starfsleyfi mun verða birt almenningi á heimasíðu Umhverfisstofnunnar þegar það hefur verið gefið út.



4. Hráefnis og auðlindanotkun

Hér fer á eftir upptalning á notkun helstu efna og aðfanga. Eins og sést í töflunni hér að neðan eru ekki öll upptalin efni notuð í Fiskimjölsverksmiðjunni. Listin er þó látinn standa og einungis fyllt inni það sem við á.

Raforkunotkun	Hvar í fyrirtækinu?	Magn	Eining
F&L Grindavík	Fiskimjölsverksmiðja	27.581.400	kWh

Olíunotkun

Svartolía	Grindavík	2.135.624	Lítrar
<i>Svartolía umr. í kg (ltr x 0,92)/1000</i>	<i>Grindavík</i>	<i>1.964.774</i>	<i>Kg.</i>
Gasnotkun	Grindavík	55	Kg.

Vatnsnotkun

Notkun jarðhitavatns og jarðgufu	Grindavík	0	rúmmetrar
Notkun á köldu vatni	Grindavík	38.997	rúmmetrar
Notkun á sjó	Grindavík	1.800.000	rúmmetrar

Hráefnisnotkun

Heildarhráefnisnotkun	Grindavík	96.884	Tonn
Notkun á innfluttu hráefni			
Landanir erl. skipa afli innan og utan lögs.	Grindavík	0	Tonn

Notkun eiturefna & hættulegra efna

BHT		0	Kg.
Ediksýra	Grindavík	95.000	Lítrar
Formalín	Grindavík	3.200	Lítrar
Hreinsiefni T-CIP		0	Kg.
Maurasýra	Grindavík	9.520	Lítrar
Natríum Nítrít		0	Kg.
Perklórethylene		0	Kg.
Saltpéturssýra	Grindavík	2.868	Kg.
Saltsýra		0	Kg.
Saltsýra 35 %	Grindavík	16.000	Lítrar
Sápur		0	Lítrar
Sápur & hreinsiefni	Grindavík	4.460	Lítrar
Soft acid aqua		0	kg
Sóthreinsiefni	Grindavík	220	Lítrar
Vítissóðaupplausn 33 %	Grindavík	20.000	Lítrar
Vítissóði	Grindavík	11.575	kg
Vítissótaupplausn		0	Lítrar
Práavarnarefni BHA		0	Kg
Práavarnarefni Ethoxyquin	Grindavík	2.080	Kg
Práavarnarefni Kemquin		0	Lítrar
Práavarnarefni Naturox	Grindavík	600	Lítrar
Önnur hreinsiefni	Grindavík	3.350	Lítrar

Annað

Notkun umbúða og pökkunarefnis		engin notku	Kg.
Fjöldi farartækja og vinnuvéla		3	
Önnur hráefnis eða orkunotkun	Gasolía á lyftara	3.963	Lítrar

5. Losun efna og meðhöndlun úrgangs

Losun koldíoxíðs og brennisteinsoxíðs í andrúmsloft er vegna brennslu á svartolíu. Samkvæmt upplýsingum frá Olúfélagi Íslands er magn koldíoxíðs við brennslu svartolíu reiknað með stuðlinum 3,08 x kg svartolíu, og fyrir brennisteinsoxíð er reiknað með stuðlinum 2,0 x kg svartolíu.

Áhrifapættir og losun

Losun efna í andrúmsloft	Efnisheiti eða lýsing	Magn	Eining per tonn	
		(bókhaldsár 2003)	Eining	hráefnis í kg
	Koldíoxíð, CO ₂	6.051.504	kg	62,5
	Brennisteinsoxíð SO ₂	3.929.548	kg	40,6
Losun efna og úrgangs				
Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn	í yfirborðsvatn/grunnvatn	engin		
Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags	óþekkt			
Magn úrgangs til förgunar	Sorp o.fl.til urðunar, óþekkt			
Losun í sjó	óþekkt			
Magn úrgangs til endurvinnslu	Brotajárn	25.250	kg	0,3
	tímur til endurvinnslu	0	kg	
Magn spilliefna til förgunar				
F&L Grindavík	Úrgangsolía og -glussi	ekki á árinu	Lítrar	
F&L Grindavík	Úrgangsolía og -glussi	ekki á árinu	Lítrar	
F&L Grindavík	Perklórethylene	ekki á árinu	Lítrar	
Magn mengandi efna í framleiðsluvörum	Engin	0		

6. Helstu áhrifapættir í umhverfismálum

Helstu áhrifapættir í umhverfismálum	Heiti eða lýsing	Aldur	Ástand
		(fyrsta notkunarár)	
Fráveitukerfi eða skólprör			
Hreinsun fastefna úr fráveitu			
F&L Grindavík	Fitugildra Vélaverk h/f	2000	Gott
Olífuskiljur	Á ekki við		
Rotþrær	Engar neins staðar		
Olíu/bensínafgreiðslubúnaður	Enginn slíkur búnaður í neinni verksmiðju		
Olíugeymar	Olíugeymar alls staðar í eigu olúfélaganna		
Varaafsstöð	Öll raforka aðkeypt		
Kælikerfi - slökkvikerfi			
F&L Grindavík	í þurrkarabúnaði verksmiðju	1995	Gott
Lofthreinsibúnaður			
F&L Grindavík	Jesma pokasíur, Hetland þurrkarkerfi	1995	Gott
F&L Grindavík	Jesma pokasíur punktafsog af mjölsniglum	1995	Gott
Lyktareyðingarúnaður			
F&L Grindavík	Hetland þurrkarkerfi og afsog af búnaði	1995	Gott
F&L Grindavík	Afsogi frá gufuþurkurum brennt	1998	Gott
Varnir gegn hávaða			
F&L Grindavík	Hljóðeinangr.stjórnsstöðvar og neyslurými	1995	Gott
Annar búnaður er snertir mengunarvarnir			

7. Umhverfismál

Hér er svarað þeim valfrjálsu spurningum úr leiðarvísi UST, sem eiga við um rekstur fiskimjölsverksmiðju Samherja hf. í Grindavík.

Umhverfismál

4.1. Er fyrirtækið með viðurkennt eða vottað umhverfisstjórnunarkerfi?

Svar: [Nei](#)

4.2. Er fyrirtækið með skriflega umhverfisstefnu?

Svar: [Nei](#)

4.3. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið í umhverfismálum?

Svar: Engin töluleg markmið hafa verið sett, reynt er að lágmarka úrgang og aðföng (önnur en til framleiðslu) til allrar starfsemi félagsins.

4.4. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið er varða auðlinda- og hráefnisnotkun?

Svar: [Nei](#)

4.5. Er til skrifleg áætlun um að draga markvisst úr myndun úrgangs?

Svar: Engin töluleg markmið hafa verið sett, reynt er að lágmarka úrgang eins og kostur er

4.6. Er markvisst reynt að koma úrgangi í endurnotkun, endurvinnslu eða endurnýtingu?

Svar: Já. Brotajárnsöfnun og tímursöfnun er regluleg í þar til gerða gáma. Sorpgámar eru sérmerktir og tæmdir reglulega.

4.7. Hafa starfsmenn fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem unnið er með?

Svar: Já á þeim svæðum sem unnið er með eiturefni er til handbók varðandi öryggi við meðhöndlun slíkra efna.

4.8. Hafa starfsmenn kynnt sér bestu fáanlegu tækni fyrir starfseminna?

Svar: Haldin eru námskeið þegar við á og stjórnendur eru hvattir til að afla sér þekkingar á málefnum sem falla undir þeirra starfssvið.

Voru tekin sýni til greininga á mengunarefnum á árinu? (mæliniðurstöður sem ekki er ákvæði um í starfsleyfi eru

4.9. valfrjáls)

Svar: Já tekin reglulega örversýni úr vatni

4.10. Hafa komið í ljós óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinnar?

Svar: Lyktarmengun hefur komið fram

4.11. Hafa orðið mengunaráhrif hjá fyrirtækinu á bókhaldsárinu?

Svar: [Nei](#)

4.14. Hefur fyrirtækið sótt um undanþágu frá færslu græns bókhalds?

Svar: [Nei](#).

8. Önnur atriði

Aðkoma starfsmanna að vinnunni við grænt bókhald

[Ekki aðrir en þeir sem vinna við bókhald](#)

Er notast við hreina framleiðslutækni eða bestu fánlegu tækni í starfseminni

[Já.](#)

Kvartanir yfir lykt og hávaða frá starfseminni

[Kvartanir hafa borist vegna lyktar frá fiskimjölsverksmiðjunni](#)

Næringarefnaofauðgun og súrefnisþurrð vegna fráveitu frá starfseminni

[Engar mælingar hafa verið gerðar](#)

Minnkun á líffræðilegum fjölbreytileika tegunda sem umhverfisáhrif frá starfseminni

[Engar mælingar hafa verið gerðar](#)

9. Umhverfismarkmið

Umhverfismarkmið fyrirtækisins er að valda umhverfinu sem allra minnstum umhverfisspjöllum og mengun. Markmiðið er að vera ávallt innan þeirra viðmiðunarmarka sem fyrirtækinu eru sett í umhverfismálum.

10. Upplýsingar og forsendur

Þær upplýsingar sem birtar eru hér í skýrslunni koma beint úr bókhaldi fyrirtækisins.

Grindavík 2004

Óskar Ævarsson
Rekstrarstjóri
Fiskimjölsverksmiðju Samherja hf.
Grindavík

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað skýrslu Samherja hf. um grænt bókhald fyrir árið 2003. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur félagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Samherja hf. um grænt bókhald á árinu 2003 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri, 14. desember 2004.

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.